

Fundur stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings (SVÁ) haldinn á Teams mánudaginn 13. október 2025, kl. 15:30.

Mættir eru:

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Flóahrepps, formaður
Árni Eiríksson, oddviti Flóahrepps
Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri Hrunamannahrepps
Jón Bjarnason, oddviti Hrunamannahrepps
Fjóla S. Kristinsdóttir, sveitarstjóri Grímsness- og Grafningshrepps
Ása Valdís Árnadóttir, oddviti Grímsness- og Grafningshrepps
Helgi Kjartansson, oddviti í Bláskógabyggð
Haraldur Þór Jónsson, oddviti í Skeiða- og Gnúpverjahrepps
Sylvía Karen Heimisdóttir, sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps
Anný Ingimarsdóttir, deildarstjóri velferðarþjónustu
Gunnlaug Hartmannsdóttir, deildarstjóri skólaþjónustu

Fundargerðina ritaði Aldís Hafsteinsdóttir.

Formaður, Hulda Kristjánsdóttir, setti fund og stjórnaði.

Hér var gengið til dagskrár:

1. **Kostnaðarskipting í málefnum fatlaðs fólks.**

Rætt um með hvaða hætti eigi að skipta kostnaði við málefni fatlaðs fólks; á grundvelli SIS mats, blandaðrar leiðar SIS mats og íbúafjölda og/eða óbreytt kostnaðarskipting. Þær leiðir ræddar sem skipt gætu þessum kostnaði með sem sanngjörnum hætti á milli sveitarfélaganna en mjög mismunandi er hversu margir einstaklingar með SIS mat eru búsettir í hverju sveitarfélagi. Á fundinum voru lagðar fram hugmyndir um mismunandi sviðsmyndir þar sem tekið er tillit til fjölda fatlaðs fólks með SIS mat. Tillaga lögð fram af formanni um að á aðalfundi SVÁ næstkomandi miðvikudag verði lögð fram tillaga um breytingu á stofnsamningi þess eðlis að skipting kostnaðar í málefnum fatlaðs fólks verði 40% SIS mat og 60% íbúafjöldi. Jafnframt verði starfsmönnum falið að skrá vinnuframlag sitt í málaflokknum og skila þeim niðurstöðum tímanlega fyrir næsta aðalfund. Að teknu tilliti til þess verði kostnaðarskiptingin endurskoðuð.

Tillagan samþykkt samhljóða og henni þar með vísað til aðalfundar.

2. **Fjárhagsáætlun 2026.**

Deildarstjórar lögðu fram tillögu að fjárhagsáætlun ársins 2026 fyrir annars vegar skóla- og hins vegar fyrir velferðarþjónustu SVÁ. Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir óbreyttum rekstri og að það takist að ráða í þau stöðugildi sem eru laus. Hækkun milli ára er um 7,3% á báðum deildum og felst hækkunin svo til eingöngu í hækkaðri húsaleigu, hækkun launa og rekstri tölvukerfa.

Stjórn samþykkir fjárhagsáætlun ársins 2026 og vísar henni til endanlegrar samþykktar aðalfundar.

3. **Aðalfundur Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings 2026.**

Aðalfundur hefur verið boðaður þann 15. október kl. 16:00 og verður hann haldinn á Teams.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:55